

**125. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, mánudaginn 10.
október 2022 og hófst hann kl. 10:00.**

Fundinn sátu:

Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður, Valur Richter aðalmaður, Dagný Finnbjörnsdóttir aðalmaður, Bernharður Guðmundsson aðalmaður og Magnús Einar Magnússon varamaður.

Embættismenn:

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Smári Karlsson, verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Smári Karlsson, verkefnastjóri.

Dagskrá:

1. Gjaldskrár 2023 - 2022050015

Lagðar fram til annarrar umræðu gjaldskrár vatnsveitu, fráveitu og gjaldskrá vegna sorphirðu og -förgunar.

Starfsmanni nefndar falið að uppfæra gjaldskrá í samræmi við minnisblað dags. 21. september.

2. Framkvæmdaáætlun 2023 til 2033 - 2022050016

Framkvæmdaáætlun 2023 til 2033 lögð fram til annarrar umræðu.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd leggur til við bæjarráð að taka tillit til fráveituframkvæmdar í Hafnarstræti á Ísafirði í framkvæmdaáætlun

3. Innleiðing á nýju regluverki í sorpmálum - 2022060100

Kynnt staða á innleiðingu Ísafjarðarbæjar á nýju regluverki á söfnun úrgangs og gjaldheimtu sorphirðu. Ný lög taka gildi 1. janúar 2023.

Starfsmanni nefndar falið að kanna stöðu sveitarfélagsins varðandi fyrirliggjandi lagabreytingar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:00

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Valur Richter

Dagný Finnbjörnsdóttir

Bernharður Guðmundsson

Magnús Einar Magnússon

Axel Rodriguez Överby

Smári Karlsson